**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1110** **2022/EES/10/25**

**frá 6. júlí 2021**

**um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ametóktradín, bixafen, fenasakín, spínetóram, teflútrín og þíenkarbasónmetýl í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir ametóktradín, bixafen, fenasakín, spínetóram og teflútrín. Engin hámarksgildi leifa voru fastsett fyrir þíenkarbasónmetýl í reglugerð (EB) nr. 396/2005 og þar eð þetta virka efni hefur ekki verið fært á skrá í IV. viðauka við þá reglugerð gildir staðalgildi, sem nemur 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

2) Að því er varðar ametóktradín lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([2]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir paprikur. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Fastsetja ætti hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir vorlauka og pípulauka, bygg, hafra, rúg, hveiti, humla, svín (vöðva, fitu, lifur, nýru), nautgripi (vöðva, fitu, lifur, nýru), sauðfé (vöðva, fitu, lifur, nýru, mjólk), geitur (vöðva, fitu lifur, nýru, mjólk), hesta (vöðva, fitu, lifur, nýru, mjólk), alifugla (vöðva, fitu, lifur, nýru) og fuglsegg og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

3) Að því er varðar bixafen lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([3]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir hörfræ, sinnepsfræ, bygg og hafra. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Á grundvelli rannsókna á plöntum í skiptiræktun og að teknu tilliti til þess að ekki er að öllu leyti unnt að koma í veg fyrir upptöku efnaleifa í plöntum í síðari ræktunum vöru voru sértæk hámarksgildi leifa, sem endurspegla upptöku efnaleifa úr jarðvegi, leidd út fyrir rauðrófur, gulrætur, hnúðsillur/hnúðsellerí, piparrót, ætihnúða, nípur, steinseljurætur, hreðkur, hafursrætur, gulrófur, næpur, jurtate úr rótum, sykurrófur og kaffifíflarætur. Fastsetja ætti hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.

4) Að því er varðar fenasakín lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([4]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir gúrkur, melónur og vatnsmelónur. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir sítrusávexti, kjarnaávexti, jarðarber, tómata og te og að þörf væri á frekari athugun

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 239, 7.7.2021, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 324/2021 frá 10. desember 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for ametoctradin according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18 (1): 5990.

([3]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for bixafen according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18 (1): 5998.

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for fenazaquin according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18 (1): 5955.

áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

5) Að því er varðar spínetóram lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([5]). Hún lagði til að skilgreiningu á leifum yrði breytt. Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir appelsínur, mandarínur, plómur, litkaber, mangó, kartöflur, lauka, tómata, paprikur, eggaldin, gúrkur, smágúrkur, dvergbíta, melónur, risagrasker, vatnsmelónur, sykurmaís, spergilkál, blómkál, rósakál, höfuðkál, salat, spínat, baunir (með fræbelg), blaðlauka og sykurrófurætur. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Fastsetja ætti hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Með tilliti til viðbótarupplýsinga um góðar starfsvenjur í landbúnaði, sem Belgía hefur lagt fram, og þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir karsa og aðrar spírur og sprota í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 369/2005 við gildandi gildi. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir trjáhnetur, kjarnaávexti, apríkósur, vínber til neyslu og vínþrúgur, brómber, daggarber, trönuber, stikilsber (græn, rauð og gul), rósaldin, mórber (svört og hvít), eplaþyrniber, ylliber, ólífur til átu, sojabaunir, baðmullarfræ, ólífur til olíuframleiðslu, maís, hrísgrjón, nautgripi (fitu, lifur, nýru), hesta (fitu, lifur, nýru), alifugla (fitu, lifur) og fuglsegg og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

6) Að því er varðar teflútrín lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([6]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir jólasalat/salatfífla og kaffifíflarætur. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Fastsetja ætti hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir hnúðsillu/hnúðsellerí, hreðkur, gulrófur, næpur, tómata, eggaldin, melónur, vatnsmelónur, sykurmaís, vorsalat/strábrúðu, karsa og aðra spírur og sprota, vetrarkarsa, klettasalat, sinnepskál, nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*), sellerí, hnúðfenníkur, rabarbara, sólblómafræ, repjufræ, sojabaunir, baðmullarfræ, bygg, maís, hirsi, hafra, rúg, dúrru, hveiti, alifugla (vöðva, fitu, lifur, nýru, ætan sláturmat) og fuglsegg og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

7) Að því er varðar þíenkarbasónmetýl lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([7]). Hún mælti með því að fastsetja hámarksgildi leifa við magngreiningarmörk. Því ætti að fastsetja þessi hámarksgildi leifa í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

8) Tekið var tillit til gildandi CXL-hámarksgilda í rökstuddum álitum Matvælaöryggisstofnunarinnar. Við fastsetningu hámarksgilda leifa var tekið tillit til CXL-hámarksgilda sem eru örugg fyrir neytendur í Sambandinu.

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for spinetoram according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18 (3): 5997.

([6]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for tefluthrin according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18 (1): 5995.

([7]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for thiencarbazone-methyl according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18 (1): 5957.

9) Að því er varðar afurðir þar sem notkun viðkomandi plöntuverndarvöru er ekki heimiluð og þar sem ekki liggja fyrir innflutningsvikmörk eða CXL-hámarksgildi ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

10) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður þessara rannsóknarstofa að því er varðar nokkur efni sem þessi reglugerð varðar voru þær að tækniþróun krefjist þess að fastsett séu sérstök magngreiningarmörk fyrir tilteknar vörur.

11) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

12) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

13) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

14) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri heilsuvernd neytenda sé viðhaldið.

15) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins fyrir 27. júlí 2021.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júlí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

______

*VIÐAUKI*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í II. viðauka er eftirfarandi dálkum bætt við fyrir ametóktradín, bixafen, fenasakín, spínetóram, teflútrín og þíenkarbasónmetýl:

„**Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)**

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Ametóktradín (R) (F) | Bixafen (R) (F) | Fenasakín (F) | Spínetóram (summa spínetórams-J og spínetórams-L) (F) (A) | Teflútrín (teflútrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)) (F) | Þíenkarbasónmetýl |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) | 8) |
| 0100000 | **NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | | **0,01** (*) | | | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | **0,01** (*) | | **0,3** | | | |
| 0110010 | Greipaldin | | | **(+)** | **0,02** (*) | | |
| 0110020 | Appelsínur | | | **(+)** | **0,07** | | |
| 0110030 | Sítrónur | | | **(+)** | **0,02** (*) | | |
| 0110040 | Súraldin | | | **(+)** | **0,02** (*) | | |
| 0110050 | Mandarínur | | | **(+)** | **0,15** | | |
| 0110990 | Annað (2) | | | | **0,02** (*) | | |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | **0,01** (*) | | | **0,02** (*) | | |
| 0120010 | Möndlur | | | **0,02** | **(+)** | | |
| 0120020 | Parahnetur | | | **0,01** (*) | **(+)** | | |
| 0120030 | Kasúhnetur | | | **0,01** (*) | **(+)** | | |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | | | **0,01** (*) | **(+)** | | |
| 0120050 | Kókoshnetur | | | **0,01** (*) | **(+)** | | |
| 0120060 | Heslihnetur | | | **0,01** (*) | **(+)** | | |
| 0120070 | Goðahnetur | | | **0,01** (*) | **(+)** | | |
| 0120080 | Pekanhnetur | | | **0,01** (*) | **(+)** | | |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | | | **0,01** (*) | **(+)** | | |
| 0120100 | Pistasíuhnetur | | | **0,01** (*) | **(+)** | | |
| 0120110 | Valhnetur | | | **0,01** (*) | **(+)** | | |
| 0120990 | Annað (2) | | | **0,01** (*) | | | |
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | **0,01** (*) | | **0,15** | **0,15** | | |
| 0130010 | Epli | | | **(+)** | **(+)** | | |
| 0130020 | Perur | | | **(+)** | **(+)** | | |
| 0130030 | Kveði | | | **(+)** | **(+)** | | |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | | | **(+)** | **(+)** | | |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | | | **(+)** | **(+)** | | |
| 0130990 | Annað (2) | | | | | | |
| 0140000 | **Steinaldin** | **0,01** (*) | | **0,01** (*) | | | |
| 0140010 | Apríkósur | | | | **0,2 (+)** | | |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | | | | **2** | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) | 8) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0140030 | Ferskjur | | | | **0,3** | | |
| 0140040 | Plómur | | | | **0,02** (*) | | |
| 0140990 | Annað (2) | | | | **0,02** (*) | | |
| 0150000 | **Ber og smá aldin** | | | | | | |
| 0151000 | a) **Þrúgur** | **6** | | **0,01** (*) | **0,4** | | |
| 0151010 | Vínber til neyslu | | | | **(+)** | | |
| 0151020 | Vínþrúgur | | | | **(+)** | | |
| 0152000 | b) **Jarðarber** | **0,01** (*) | | **0,4 (+)** | **0,2** | | |
| 0153000 | c) **Klungurber** | **0,01** (*) | | **0,01** (*) | **1** | | |
| 0153010 | Brómber | | | | **(+)** | | |
| 0153020 | Daggarber | | | | **(+)** | | |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | | | | | | |
| 0153990 | Annað (2) | | | | | | |
| 0154000 | d) **Önnur smá aldin og ber** | **0,01** (*) | | **0,01** (*) | | | |
| 0154010 | Bláber | | | | **0,4** | | |
| 0154020 | Trönuber | | | | **0,4 (+)** | | |
| 0154030 | Rifsber (rauð og hvít) og sólber | | | | **0,5** | | |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | | | | **0,4 (+)** | | |
| 0154050 | Rósaldin | | | | **0,4 (+)** | | |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | | | | **0,4 (+)** | | |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | | | | **0,4 (+)** | | |
| 0154080 | Ylliber | | | | **0,4 (+)** | | |
| 0154990 | Annað (2) | | | | **0,4** | | |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | **0,01** (*) | | **0,01** (*) | | | |
| 0161000 | a) **Ætu hýði** | | | | | | |
| 0161010 | Döðlur | | | | **0,02** (*) | | |
| 0161020 | Fíkjur | | | | **0,02** (*) | | |
| 0161030 | Ólífur til átu | | | | **0,07 (+)** | | |
| 0161040 | Gullappelsínur | | | | **0,02** (*) | | |
| 0161050 | Stjörnualdin | | | | **0,02** (*) | | |
| 0161060 | Gallaldin | | | | **0,02** (*) | | |
| 0161070 | Jövuplómur | | | | **0,02** (*) | | |
| 0161990 | Annað (2) | | | | **0,02** (*) | | |
| 0162000 | b) **Óætu hýði, lítil** | | | | | | |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | | | | **0,02** (*) | | |
| 0162020 | Litkaber | | | | **0015** | | |
| 0162030 | Píslaraldin | | | | **0,4** | | |
| 0162040 | Kaktusfíkjur | | | | **0,02** (*) | | |
| 0162050 | Stjörnuepli | | | | **0,02** (*) | | |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí | | | | **0,02** (*) | | |
| 0162990 | Annað (2) | | | | **0,02** (*) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) | 8) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0163000 | c) **Óætu hýði, stór** | | | | **0,02** (*) | | |
| 0163010 | Lárperur | | | | | | |
| 0163020 | Bananar | | | | | | |
| 0163030 | Mangó | | | | | | |
| 0163040 | Papæjualdin | | | | | | |
| 0163050 | Granatepli | | | | | | |
| 0163060 | Morgunberkjur | | | | | | |
| 0163070 | Gvövur | | | | | | |
| 0163080 | Ananas | | | | | | |
| 0163090 | Brauðaldin | | | | | | |
| 0163100 | Dáraaldin | | | | | | |
| 0163110 | Nónberkjur | | | | | | |
| 0163990 | Annað (2) | | | | | | |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | | | | | | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | | | **0,01** (*) | **0,02** (*) | | **0,01** (*) |
| 0211000 | a) **Kartöflur** | **0,05** | **0,01** (*) | | | **0,01** (*) | |
| 0212000 | b) **Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti** | **0,05** | **0,01** (*) | | | **0,01** (*) | |
| 0212010 | Kassavarætur | | | | | | |
| 0212020 | Sætar kartöflur | | | | | | |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði | | | | | | |
| 0212040 | Örvarrætur | | | | | | |
| 0212990 | Annað (2) | | | | | | |
| 0213000 | c) **Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum** | **0,01** (*) | **0,09** | | | | |
| 0213010 | Rauðrófur | | **(+)** | | | **0,08** | |
| 0213020 | Gulrætur | | **(+)** | | | **0,08** | |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí | | **(+)** | | | **0,08 (+)** | |
| 0213040 | Piparrót | | **(+)** | | | **0,01** (*) | |
| 0213050 | Ætihnúðar | | **(+)** | | | **0,01** (*) | |
| 0213060 | Nípur | | **(+)** | | | **0,01** (*) | |
| 0213070 | Steinseljurætur | | **(+)** | | | **0,01** (*) | |
| 0213080 | Hreðkur | | **(+)** | | | **0,1 (+)** | |
| 0213090 | Hafursrætur | | **(+)** | | | **0,01** (*) | |
| 0213100 | Gulrófur | | **(+)** | | | **0,08 (+)** | |
| 0213110 | Næpur | | **(+)** | | | **0,08 (+)** | |
| 0213990 | Annað (2) | | | | | **0,01** (*) | |
| 0220000 | **Laukar** | | **0,01** (*) | **0,01** (*) | | | **0,01** (*) |
| 0220010 | Hvítlaukur | **1,5** | | | **0,02** (*) | **0,07** | |
| 0220020 | Laukar | **1,5** | | | **0,02** (*) | **0,07** | |
| 0220030 | Skalottlaukar | **1,5** | | | **0,02** (*) | **0,5** | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) | 8) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | **20 (+)** | | | **0,8** | **0,01** (*) | |
| 0220990 | Annað (2) | **0,01** (*) | | | **0,02** (*) | **0,01** (*) | |
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | | **0,01** (*) | | | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0231000 | a) **Náttskuggaætt og stokkrósaætt** | | | | | | |
| 0231010 | Tómatar | **2** | | **0,05 (+)** | **0,06** | **(+)** | |
| 0231020 | Paprikur | **1,5** | | **0,01** (*) | **0,4** | | |
| 0231030 | Eggaldin | **2** | | **0,01** (*) | **0,05** | **(+)** | |
| 0231040 | Okrur | **1,5** | | **0,01** (*) | **0,02** (*) | | |
| 0231990 | Annað (2) | **1,5** | | **0,01** (*) | **0,02** (*) | | |
| 0232000 | b) **Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði** | | | | **0,06** | | |
| 0232010 | Gúrkur | **2** | | **0,15** | | | |
| 0232020 | Smágúrkur | **3** | | **0,01** (*) | | | |
| 0232030 | Dvergbítar | **3** | | **0,01** (*) | | | |
| 0232990 | Annað (2) | **3** | | **0,01** (*) | | | |
| 0233000 | c) **Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði** | **3** | | | **0,03** | | |
| 0233010 | Melónur | | | **0,07** | | **(+)** | |
| 0233020 | Risagrasker | | | **0,01** (*) | | | |
| 0233030 | Vatnsmelónur | | | **0,07** | | **(+)** | |
| 0233990 | Annað (2) | | | **0,01** (*) | | | |
| 0234000 | d) **Sykurmaís** | **0,01** (*) | | **0,01** (*) | **0,02** (*) | **(+)** | |
| 0239000 | e) **Annað aldingrænmeti** | **0,01** (*) | | **0,01** (*) | **0,02** (*) | | |
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)** | | **0,01** (*) | **0,01** (*) | **0,02** (*) | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0241000 | a) **Blómstrandi kál** | **9** | | | | | |
| 0241010 | Spergilkál | | | | | | |
| 0241020 | Blómkál | | | | | | |
| 0241990 | Annað (2) | | | | | | |
| 0242000 | b) **Kálhöfuð** | | | | | | |
| 0242010 | Rósakál | **9** | | | | | |
| 0242020 | Höfuðkál | **15** | | | | | |
| 0242990 | Annað (2) | **0,01** (*) | | | | | |
| 0243000 | c) **Blaðkál** | | | | | | |
| 0243010 | Kínakál | **60** | | | | | |
| 0243020 | Grænkál | **50** | | | | | |
| 0243990 | Annað (2) | **0,01** (*) | | | | | |
| 0244000 | d) **Hnúðkál** | **9** | | | | | |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | | | | | | |
| 0251000 | a) **Salat og salatplöntur** | | **0,01** (*) | **0,01** (*) | | | **0,01** (*) |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | **70** | | | **4** | **0,09 (+)** | |
| 0251020 | Salat | **50** | | | **1,5** | **0,01** (*) | |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | **50** | | | **0,02** (*) | **0,01** (*) | |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | **50** | | | **4** | **0,09 (+)** | |
| 0251050 | Vetrarkarsi | **50** | | | **4** | **0,09 (+)** | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) | 8) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0251060 | Klettasalat | **50** | | | **4** | **0,09 (+)** | |
| 0251070 | Sinnepskál | **50** | | | **4** | **0,09 (+)** | |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni Brassica) | **50** | | | **4** | **0,09 (+)** | |
| 0251990 | Annað (2) | **0,01** (*) | | | **0,02** (*) | **0,01** (*) | |
| 0252000 | b) **Spínat og áþekk blöð** | **60** | **0,01** (*) | **0,01** (*) | | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0252010 | Spínat | | | | **0,9** | | |
| 0252020 | Súpugull | | | | **1,5** | | |
| 0252030 | Blaðbeðjur | | | | **1,5** | | |
| 0252990 | Annað (2) | | | | **0,02** (*) | | |
| 0253000 | c) **Vínviðarlauf og áþekkar tegundir** | **50** | **0,01** (*) | **0,01** (*) | **0,02** (*) | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0254000 | d) **Brunnperla** | **50** | **0,01** (*) | **0,01** (*) | **0,02** (*) | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0255000 | e) **Jólasalat/salatfíflar** | **0,01** (*) | **0,01** (*) | **0,01** (*) | **0,02** (*) | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0256000 | f) **Kryddjurtir og æt blóm** | | **0,02** (*) | **0,02** (*) | **4** | **0,02** (*) | **0,02** (*) |
| 0256010 | Kerfill | **50** | | | | | |
| 0256020 | Graslaukur | **40** | | | | | |
| 0256030 | Blöð af selleríi | **40** | | | | | |
| 0256040 | Steinselja | **40** | | | | | |
| 0256050 | Salvía | **40** | | | | | |
| 0256060 | Rósmarín | **40** | | | | | |
| 0256070 | Garðablóðberg | **40** | | | | | |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | **40** | | | | | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | **40** | | | | | |
| 0256100 | Fáfnisgras | **40** | | | | | |
| 0256990 | Annað (2) | **40** | | | | | |
| 0260000 | **Belgávextir** | **0,01** (*) | **0,01** (*) | **0,01** (*) | | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | | | | **0,05** | | |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | | | | **0,02** (*) | | |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | | | | **0,02** (*) | | |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | | | | **0,02** (*) | | |
| 0260050 | Linsubaunir | | | | **0,02** (*) | | |
| 0260990 | Annað (2) | | | | **0,02** (*) | | |
| 0270000 | **Stöngulgrænmeti** | | **0,01** (*) | **0,01** (*) | | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0270010 | Sperglar | **0,01** (*) | | | **0,02** (*) | | |
| 0270020 | Salatþistlar | **0,01** (*) | | | **0,02** (*) | | |
| 0270030 | Sellerí | **20** | | | **0,02** (*) | **(+)** | |
| 0270040 | Hnúðfenníkur | **20** | | | **0,02** (*) | **(+)** | |
| 0270050 | Ætiþistlar | **0,01** (*) | | | **0,02** (*) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | 6) | 7) | 8) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0270060 | Blaðlaukar | **5** | | | **0,05** | | |
| 0270070 | Rabarbarar | **0,01** (*) | | | **0,02** (*) | **(+)** | |
| 0270080 | Bambussprotar | **0,01** (*) | | | **0,02** (*) | | |
| 0270090 | Pálmakjarnar | **0,01** (*) | | | **0,02** (*) | | |
| 0270990 | Annað (2) | **0,01** (*) | | | **0,02** (*) | | |
| 0280000 | **Sveppir, mosar og fléttur** | **0,01** (*) | **0,01** (*) | **0,01** (*) | **0,02** (*) | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | | | | | | |
| 0280020 | Villtir sveppir | | | | | | |
| 0280990 | Mosar og fléttur | | | | | | |
| 0290000 | **Þörungar og dreifkjörnungslífverur** | **0,01** (*) | **0,01** (*) | **0,01** (*) | **0,02** (*) | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0300000 | **BELGÁVEXTIR** | **0,01** (*) | **0,01** (*) | **0,01** (*) | **0,02** (*) | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0300010 | Baunir | | | | | | |
| 0300020 | Linsubaunir | | | | | | |
| 0300030 | Ertur | | | | | | |
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir | | | | | | |
| 0300990 | Annað (2) | | | | | | |
| 0400000 | **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | **0,01** (*) | | **0,01** (*) | | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0401000 | **Olíufræ** | | | | **0,02** (*) | | |
| 0401010 | Hörfræ | | **0,05** | | | | |
| 0401020 | Jarðhnetur | | **0,01** (*) | | | | |
| 0401030 | Valmúafræ | | **0,01** (*) | | | | |
| 0401040 | Sesamfræ | | **0,01** (*) | | | | |
| 0401050 | Sólblómafræ | | **0,01** (*) | | | **(+)** | |
| 0401060 | Repjufræ | | **0,08** | | | **(+)** | |
| 0401070 | Sojabaunir | | **0,01** (*) | | **(+)** | **(+)** | |
| 0401080 | Mustarðsfræ | | **0,05** | | | | |
| 0401090 | Baðmullarfræ | | **0,01** (*) | | **(+)** | **(+)** | |
| 0401100 | Risagraskersfræ | | **0,01** (*) | | | | |
